

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Seyðisfirði



Dags eftirlits	17.4.2013	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Tómasson	Staðsetning	733858,42	539323,093

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik fannst við eftirlit, en engin önnur athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Við eftirlit í stöðinni kom fram að geymi hafði verið bætt inn í mengunavarnarþró stöðvarinnar en eftir var að skrá geyminn og botnþykktarmæla. Geymirinn var skoðaður og reyndist smíðaður 1999 og vera 20 m³. Nú hafa mælingar á geyminum borist stofnuninni, en **enn er eftir að skrá geyminn og setja á hann tilskildar merkingar.**

Samkvæmt skráningum á mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð félagsins er eftirlit með viðhaldi og mælingar gott. Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilju voru framkvæmdar í sumar með olíuprófi Macherrey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu.

Þrjár geymar eru í stöðinni og hafa þeir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Þrýstiprófanir á lögnum niður á bryggju voru gerðar í fyrra (2012) og hafa allar lagnir staðist tilskildar prófanir á síðustu fimm árum.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Girðingar og hlið voru í lagi.

Búið er að fjarlægja geyma við Strandveg 15 – 19 og Hafnargötu 28 B.

Frávik frá

kröfum í starfsleyfi, grein 2.5

Lýsing á fráviki

Kröfur í starfsleyfi, grein 2.5, kveða á um að frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva skuli vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994. Ljúka þarf merkingum á nýjum geymi í stöðinni.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 28.08.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.